

Fundur stjórnar FFA og bekkjafulltrúa

Haldinn 8. september 2008

Mættir:

Bekkjafulltrúar: Sóley, Ingibjörg, Berglind, Harpa, Jón, Kristín, Kristbjörg, Silvía, Eva Dögg, Jóna Guðrún, Lovísa, Elín Rós, Kolbrún og Þórður. Stjórn FFA: Hafdís, Lovísa, Hulda Klara, Kristjana og Jóna Guðrún. Foreldraráð: Ragnar, Kristjana, Anna og Guðbjörg. Auk þess mætti Jónína Ágústsdóttir skólastjóri

1. Hlutverk bekkjafulltrúa

Rætt var um hlutverk bekkjafulltrúa almennt og hversu mikilvægt er að virkja samstarf foreldra og skóla í nýju hverfi sem er í örri uppbyggingu. Foreldrar geta haft mikið áhrif og nauðsynlegt að þeir kynnist til að efla starf barnanna.

Einnig var rætt um mikilvægi þess að bekkjafulltrúar skipti verkum á milli foreldra í hverjum hópi þannig að öll vinnan lendi ekki aðeins á bekkjafulltrúunum. Gott væri að gera áætlun að hausti fyrir allan veturinn þannig að hægt sé að ganga að vissu skipulagi. Talað var um að æskilegt væri að hittast tvisvar til þrisvar yfir veturinn þar sem foreldrar og nemendur geta gert eitthvað skemmtilegt saman til að efla kynnin.

Samþykkt var að bekkjafulltrúar létu bekkjafulltrúa í sínum árgöngum vita þegar eitthvað væri í bígerð þannig að hóparnir fylgdust að og enginn yrði útundan.

2. Símaskrá Akurskóla

Hugmynd að símaskrá fyrir allan skólann var rædd. Var henni vísað á stjórn foreldrafélagsins sem ætlar að taka hana til nánari skoðunar.

3. Foreldraráð og skólastjórn

Foreldraráð Akurskóla mætti á fundinn og kynnti sig. Í framhaldi af því kynnti Jónína nýju grunnskólalögin er varðar skólaráð. Þar er gert ráð fyrir að foreldraráð verði lagt niður en í staðinn verði kosið í skólaráð sem mun samanstanda af tveimur fulltrúum kennara, einum fulltrúa annars starfsfólks skóla, tveimur fulltrúum nemenda, tveimur fulltrúum foreldra og síðan skólastjóra. Áætlað er að nýju lögin komi ekki til framkvæmda fyrr en á næsta skólaári.

4. Undirskriftalistar

Anna Wahlström sem situr í foreldraráði kynnti nýtt skipulag vegna Hákotstanga en undirskriftasöfnun var í gangi til að mótmæla þessu skipulagi m.a. vegna fyrirsjáanlegrar aukningar á umferð við Akurskóla. Anna auglýsti eftir sjálfboðaliðum meðal bekkjafulltrúa til að safna fleiri undirskriftum. Vel var tekið í erindi Önnu.

Fundi slitið

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir